

Stjórnarfundur WIFT á Íslandi
Kvikmyndaskóli Íslands - Suðurlandsbraut 18
Laugardagur 30. nóvember 2024, kl. 17:30

Úr stjórn mættu:

María Sigríður Halldórsdóttir

Ylfa Þöll Ólafsdóttir

Ágústa Margrét Jóhannsdóttir

Ríkey Konráðsdóttir var á fjarfundi

Lína Thoroddsen var á fjarfundi.

Ingibjörg Jenný Jóhannesdóttir var fjarverandi.

Ylfa Þöll Ólafsdóttir tók við stöðu gjaldkera.

María Lea Ævarsdóttir mætti á fundinn til þess að upplýsa nýja stjórn um störf fyrri stjórna síðan 2019 og hvað stjórnin hefur lagt áherslu á.

Rædd var rannsóknin sem var gerð í samstarfi við Guðrúnu Elsu Bragadóttur um hversu margar konur leikstýra sjónvarpsþáttum og heimildabáttum. Nýja stjórnin er sammála um að vilja halda áfram rannsókninni í samstarfi við Guðrúnu Elsu. Við sjáum ekki hversu mikill peningur fer til kvenna og karla úr styrkjum. Það er búið að biðja um upplýsingar um þessar tölur en ekkert hefur skilað sér. Ný stjórn þarf að halda áfram að biðja um þessar upplýsingar.

Rætt var um hversu furðulegt það er að í umsóknarferli KMÍ að það sé gerð krafa sé kona í verkefninu en síðan virðist það ekki skipta neinu máli að hálfu KMÍ. Við viljum skoða betur hvernig farvegurinn er hjá KMÍ er í þessum málum.

Verklagsferlar þurfa að verða til varðandi kvartanir til KMÍ. Kvartanir fara beint niður í skúffu hjá þeim. Þurfum að gera drög að verklagsreglum og eiga samtál við KMÍ. Einnig þarf að skoða hvernig umsóknarferlið við KMÍ er og hvernig það væri hægt að bæta ferlið. Það þarf að bæta við betri trúnaði af hálfu ráðgjafa KMÍ við umsóknaraðila og minnka flækjustig við umsóknarferlið.

Síðasta stjórn fór á fund til Lilju Alfreðsdóttur mennta-og menningarmálaráðherra. Lilja sýndi áhuga á því að fara í herferð til þess að kynna kvikmyndagerð fyrir konum og setja pening í herferðina, ekkert varð úr því. Ný stjórn þarf að herja að nýjum mennta-og menningarmálaráðherra til þess að fara alla leið með verkefnið. Það eru til fundargerðir hjá ríkisstjórninni varðandi þennan fund með Lilju sem hægt er að benda á. Lilja vildi einnig setja pening í áframhaldandi rannsókn með Guðrúnu Elsu.

Rætt var við Akademíuna sem heldur utan um Edduverðlaunin varðandi hlutfall kynjanna í dómnefndum til verðlauna Eddunnar. Ný stjórn þarf að halda áfram að halda orðinu á lofti um að hafa jafnt kynjahlutfall í dómnefndunum.

Það þarf að laga heimasíðuna og gera hana aðgengilegri. Eins og staðan er núna að þá liggur heimasíðan niðri og hefur verið erfitt að ná henni í loftið aftur. Allar voru sammála um að búa til nýja heimasíðu. Það þarf líka að yfirfara félagatal og skráningarformið. Þurfum

að fara í góða vinnu um hvaða upplýsingar fara á heimasíðuna. Við ætlum að hafa fund við fyrsta tækifæri til þess að ræða heimasíðuna.

Á fundinum fengu allar verkefni til þess að sinna.

- Ylfa og Ríkey ætla að taka að sér að vera yfir því að gera verkferla varðandi kynbundið ofbeldi á setti og óviðeigandi hegðunar.
 - Ætla að fá lögfræðing með sér til þess að ráðfæra sig við. Ágústa ætlar að hafa samband við lögfræðing sem hún þekkir til.
 - Ætla að fá sálfræðing með sér til þess að ráðfæra sig við. Ágústa ætlar að hafa samband við sálfræðing sem hún þekkir til.
 - Siðferðisgáttin er fyrirtæki sem tekur við kvörtunum og væri gaman að hafa með í ráðum.
 - Þrýsta á KMÍ að setja þess konar mál í ákveðin samning/farveg hjá öllum framleiðslum.
 - Getur verið fókusinn okkar fyrir kvennaárið. Ríkey og Ylfa verða tenging við Maríu Leu sem er í Kvennaárs nefnd fyrir WIFT.
- Maja, Lína og Ágústa fara saman yfir heimasíðumálin. Maja setur sig í samband við Maríönnu sem hefur séð um þau mál.
- Lína er til í að skrifa pistla þegar þarf á því að halda.
- Ingibjörg Jenný fær það verkefni að sjá um samfélagsmiðla og að skipuleggja fyrsta networking hitting WIFT, stefnan er að hafa það í desember.

Við viljum fara í kynningar í listnámsskólana eftir áramót til þess að kynna WIFT. Þurfum að undirbúa kynningar.

- Mikilvægt fyrir ungt fólk að vita af félagi sem þessu

Við ræddum að hafa málsstofu um störf kvenna í kvikmyndagerð og WIFT. og búa til heimildarmynd. Þurfum að ræða þessa hugmynd betur til þess að útfæra hana.

Við viljum setja okkur í samband við WIFT félög erlendis. Ásamt að halda áfram Stelpur skjóta verkefninu, ræða við Dögg um það.

Eitthvað sem gamla stjórn ræddi, alltaf eitthvað sem þarf að gera sem lendir á einum; Sú sem gerir mest fær þá eitthvað borgað.

- Það er eitthvað sem hægt er að skoða þegar kemur betri peningur og þess háttar.

Félagsgjöld - Hvenær eru þau send?

Hafa verið send á vorin en hafa nýlega verið send að hausti.

þarf að koma félagagreiðslum af stað.

Ætlum að ræða markmið og gildi fyrir félagið á næsta fundi.

Markmið eftir fundinn er að senda ársskýrslu út á hverju ári. Fyrsta ársskýrsla verður send næsta haust.